

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 STYKKISHÓLMI

Garðabær, 5. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0009
BK

Efni: Vigraholt – Lýsing á breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 7. nóvember 2023, þar sem Sveitarfélagið Stykkishólmur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi vegna Vigrahólts.

Um er að ræða breytingu á landnotkun úr frístundabyggð og landbúnaðarlandi í frístundabyggð, íbúðarbyggð og verslun og þjónustu og færslu á mörkum landnotkunarreitna. Gert er ráð fyrir að þar muni rísa allt að 33 frístundahús, allt að 10 íbúðarhús og hótél með frístandandi hótélherbergjum/smáhýsum, baðlóni, veitingahúsi og handversks brugghúsi. Breytingin gerir jafnframt ráð fyrir nýjum aðkomuvegi frá Stykkishólmsvegi nr. 58 við Vogaskeið og færslu á reiðstíg meðfram aðkomuveginum sem að hluta til liggur eftir gamla Skógarstrandaveginum. Áætluð stærð deiliskipulagssvæðisins er 134,5 ha.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Á svæðinu skiptast á klapparásar, sem eru að hluta til þaktir birkikjarri, og votlendi og virðist svæðið vera að mestu óspillt. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) er þar m.a. að finna starungsmýravist, tjarnastararflóavist og brokflóavist sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru þær tvær fyrirnefndu á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Meðal þurrlendisvistgerða eru bæði lyngmóavist á láglandi og kjarrskógavist með hátt verndargildi auk þess að vera á lista Bernarsamningsins.

Af loftmyndum að dæma virðist þó votlendi vera vanmetið í vistgerðakortasjónni og innan skipulagssvæðisins virðast vera að minnsta kosti fjórir votlendisflákar sem ættu að uppfylla viðmið 61. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Það er því þörf á nákvæmari kortlagningu landvistgerða innan svæðisins. Þá eru á svæðinu sjávarfítjar og leirur sem falla undir fyrirnefnda grein náttúruverndarlaganna.

Gera má ráð fyrir að sú mósaík vistgerða sem þarna er að finna, sem og Sauravatn, standi undir töluverðu fuglalífi. Þá er Vigrafjörður hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar sem er mikilvægt fuglasvæði og hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela.

Vigrafjörður er viðkomustaður farfugla og hefur fjörðurinn innan Orrustuness verið vaktaður að vorlagi undanfarin ár af Náttúrustofu Vesturlands. Svæðið er m.a. mikið notað af rauðbrystingum, fargesti sem er ábyrgðartegund Íslands, og hafa hátt í 2000 rauðbrystingar sést þar í stakri talningu (Róbert A. Stefánsson, óbirt gögn). Æskilegt væri að kanna betur fuglalíf svæðisins, s.s. á varptíma.



Náttúrufræðistofnun telur þessa staðsetningu óheppilega fyrir skipulag af þessari stærðargráðu sem á óhjákvæmilega eftir að fylgja umtalsvert rask á verðmætum vistgerðum og truflun og rask fyrir fuglalíf auk þess að hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Einnig ber að hafa í huga að 50 m fjarlægð frá fjörum og vötnum er ófullnægjandi til að tryggja viðunandi fuglavernd og ættu mörkin að vera a.m.k. 100 m.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

